

Sendandi:
Aðalgeir Ásvaldsson, framkvæmdastjóri SVEIT

Dagsetning:
24.janúar. 2022

Númer og heiti þingmáls:
232 mál, þingskal 332, Styrkir til rekstraraðila veitingastaða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma, frumvarp til laga 152. löggjafarþing 2021–2022.

4. gr.

Skilyrði.

Rekstraraðili sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði á rétt á styrk úr ríkissjóði vegna hvers almanaksmánaðar frá desember 2021 til og með mars 2022:

1. Hann starfrækir veitingastað sem fékk rekstrarleyfi samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald fyrir 1. desember 2021 og sætti takmörkun á opnunartíma í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar vegna opinberra sóttvarnaráðstafana skv. 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. [19/1997](#).

2. Tekjur hans af veitingastað eða veitingastöðum sem sættu takmörkun skv. 1. tölul. í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar voru a.m.k. 20% lægri en í sama almanaksmánuði árið 2019 og tekjufallið má rekja til takmörkunar á opnunartíma skv. 1. tölul. Hafi rekstraraðilinn fengið rekstrarleyfi vegna veitingastaðar eftir upphaf sama almanaksmánaðar árið 2019 skal miðað við meðaltekjur hans af veitingastaðnum á jafn mörgum dögum og eru í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar frá þeim degi sem hann fékk rekstrarleyfi til loka nóvember 2021. Við sérstakar aðstæður má nota annað tímabil til viðmiðunar sýni rekstraraðili fram á að það gefi betri mynd af tekjufalli hans en viðmiðunartímabil skv. 1. og 2. másl. Að jafnaði skal þá miðað við tekjur rekstraraðilans af veitingastöðunum í sama almanaksmánuði 2018. Hafi rekstraraðila verið ákvarðaður lokunar-, tekjufalls- eða viðspyrnustyrkur í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar skal hann ekki talinn til tekna í þeim mánuði við útreikning á tekjufalli samkvæmt þessu ákvæði.

Breytingartillaga #1

Í 4.gr. er tímabilið desember 2021 til og með mars 2022 til umsóknar. SVEIT gerir þá athugasemd að sóttvarnaraðgerðir voru hertar í byrjun nóvember 2021 og ættu því að ná yfir þann mánuð einnig. Voru þær hertar snögglega og því ekki mögulegt fyrir rekstraraðila að bregðast við takmörkunum á opnunartíma t.d. með uppsögnum þar sem jólavertíðin var framundan og vonir enn bundnar við hana, sem brustu síðar meir.

Breytingartillaga #1 er því að umsóknartímabil ætti að hefjast í nóvember 2021 en ekki desember 2021.

Breytingartillaga #2

Í 4.gr. 1.mgr. er ekki minnst á samkomutakmarkanir. Eðli veitingareksturs er að gestir geti komið saman og því hafa samkomutakmarkanir mikil áhrif á rekstur og tækifæri til að afla tekna. Sem dæmi hafa þessar takmarkanir haft mikil áhrif á rekstur mathalla þar sem margir veitingastaðir eru undir sama þaki. Því er lagt til að áhrif fjöldatakmakanna séu einnig tekin til greina.

Breytingartillaga #2 er því að áhrif samkomutakmarkanna sé einnig tekið til greina fyrir náandarstarfsemi ekki hefur búið við skertan opnunartíma t.d. kaffihús og mathallir.

Breytingartillaga #3

Rekstraraðilar sem vinna á bráðabirgðarreksraleyfi hafa lýst yfir áhyggjum sínum um að falla ekki undir skilyrði styrks. Í sumum tilfellum hafa rekstraraðilar beðið eftir staðfestu leyfi í allt að 6.mánuði en stundað rekstur undir þeirri undanþágu.

Breytingartillaga #3 er því að tekið sé tillit til þeirra aðila sem hafa ekki fengið staðfest rekstrarleyfi vegna tafa á afgreiðslu þeirra af hálfu hins opinbera.

Breytingartillaga #4

Í 4.gr. 2.mgr. óskar SVEIT eftir að viðmiðunartímabil, 2019, verði endurskoðað. Frá núverandi viðmiðunarári hafa rekstrarforsendur breyst, sér í lagi kostnaðarliðir á borð við opinbergjöld, laun og launatengd gjöld, aðföng og hráefniskostnaður.

Í ljósi þess að sóttvarnaraðgerðir hafa takmarkað möguleika fyrirtækja í veitingarekstri til að afla tekna til að takast á við umræddar hækkanir á rekstrarkostnaði væri réttast að viðmiðunartímabil taki mið af þeim. Þar af leiðandi fer SVEIT fram á að viðmiðunartímabil taki mið af vísitöluneysluverði og launavísitölu í þeim tilgangi að gefa réttari mynd af því fjárhagslega höggi sem rekstraraðilar standa frammi fyrir sökum sóttvarnaraðgerða. Árið 2019 var meðal EBITA er 3,3% því er það mat SVEIT að það verði að taka mið af umræddum breytingum í rekstrarkostnaði þar sem frelsi til tekjuöflunar hefur verið verulega skert. Tekjufall gefur einfaldlega ekki rétta mynd af bágru stöðu fyrirtækja á veitingamarkaði, nauðsynlegt er að horfa einnig til umræddra hækkana í rekstrarkostnaði.

Breytingartillaga #4 er því að reikna vísitölu neysluverðs og launavísitölu inn viðmið 2019 og taka tillit til þeirra kostnaðarliða sem hækkað hafa frá viðmiðunarárinu 2019.

7. gr.

Ákvörðun.

Skatturinn skal afgreiða umsókn svo fljótt sem verða má og ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að honum berst fullnægjandi umsókn.

Við afgreiðslu umsóknar og endurskoðun ákvörðunar um styrk getur Skatturinn farið fram á að rekstraraðili sýni með rökstuðningi og gögnum fram á rétt sinn til styrks.

Skatturinn skal endurákvarða styrk komi í ljósi að rekstraraðili hafi ekki átt rétt á styrknum eða átt rétt á hærri eða lægri styrk en honum var ákvarðaður.

Að því leyti sem ekki er á annan veg kveðið á um í lögum þessum gilda ákvæði 94.–97. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, eftir því sem við getur átt um afgreiðslu umsókna og endurákværðanir Skattsins.

Breytingartillaga #5

Brýn nauðsyn er á að fá fjármagn inn fyrir mánaðamótin janúar – febrúar. Treysta á 8.gr Málskot og 9. gr. Ofgreiðsla, bæði minnkar álag á Skattinn að fara yfir umsóknir með litlum sem engum fyrirvara og rekstraraðilar þurfi ekki að bíða í örvæntingu eftir að aðstoð berist fyrir mánaðamótin janúar-febrúar. Því ef hún berst ekki blasir gjaldþrot við mörgum þeirra.

Streymi fjármagns er lífsnauðsynlegt til að halda fyrirtækjum rekstrahæfum.

Rekstraraðilar hafa gengið verulega á sjóði sína auk þess að gríðarleg skuldsetning hefur átt sér stað hjá þeim sem þegar hafa klárað sína sjóði til að viðhalda rekstri. Erfið staða hefur legið fyrir síðan í nóvember 2021 þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki á veitingamarkaði sem flest eru með persónulega ábyrgð á skuldum sínum hafa þurft að berjast í bökkum og bera þann þunga kostnað sem fylgir sóttvarnaraðgerðum sjálf. Fólk er að missa allt sitt og getur hreinlega ekki beðið lengur, að það sé að nálgast þriðju mánaðamót sem einkaaðilar þurfa sjálfir að bera umræddan kostnað er ekki boðlegt í lýðræðissamfélagi.

Breytingartillaga #5 er því að ýta undir fjármagnsstreymi fyrirtækja sem sækja um en ekki gefa tveggja mánaða fyrirvara á vinnslu umsóknar, frekar treysta á þau belti og axlabönd sem 8.gr og 9.gr gera ráð fyrir.

5. gr.

Fjárhæð.

Fjárhæð styrks skal vera 90% af rekstrarkostnaði rekstraraðila vegna veitingastaðar eða veitingastaða sem sættu takmörkun skv. 1. tölul. 4. gr. þann almanaks mánuð sem umsókn varðar. Styrkur getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur tekjufalli rekstraraðila skv. 2. tölul. 4. gr. í viðkomandi almanaks mánuði. Styrkur fyrir hvern almanaks mánuð getur jafnframt aldrei orðið hærri en:

a. 500 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi hjá rekstraraðila í mánuðinum hjá veitingastað eða veitingastöðum sem sættu takmörkun skv. 1. tölul. 4. gr. og ekki hærri en 2,5 millj. kr. enda sé tekjufall rekstraraðila skv. 2. tölul. 4. gr. á bilinu 20–60%.

b. 600 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi hjá rekstraraðila í mánuðinum hjá veitingastað eða veitingastöðum sem sættu takmörkun skv. 1. tölul. 4. gr. og ekki hærri en 3 millj. kr. enda sé tekjufall rekstraraðila skv. 2. tölul. 4. gr. meira en 60%.

Styrkur telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekjuskatt.

Breytingartillaga #6

Samkvæmt 5.gr. er hámarksstyrkur fyrir allt tímabilið 10-12 miljónir króna. Ef við lítum á raundæmi er ljóst að enn frekari aðstoðar er þörf ef halda á hjólum veitingageirans gangandi og rekstraraðilum verði hreinlega gert kleift að halda ráðningasamböndum við starfsmenn í eins óstöðugu rekstrarumhverfi og raun ber vitni.

Hér er dæmi um rekstrarkostnað fyrirtækis í veitingarekstri, sem hefur verið í fyrirmyndarrekstri í yfir 15 ár dæmi nær fyrir október, nóvember og desember 2021 auk janúar 2022. Umræddur staður hefur 27 stöðugildi.

	okt	nóv	des	jan
Sími og internet	60000	60000	60000	60000
Bókunar og sölukerfi DK	255600	255600	255600	255600
Hiti rafmagn	100000	100000	100000	100000
Tryggingar	170000	170000	170000	170000
Leiga	2600000	2600000	2600000	2600000
Meindýravarnir	50000	50000	50000	50000
Þrif á gluggum	20000	20000	20000	20000
Stimpilkukka	40000	40000	40000	40000
Skrifstofukostnaður	1000000	1000000	1000000	1000000
Posaleiga	30000	30000	30000	30000
Skattur	2700000	3270000	3900000	3000000
Lífeyrissjóður	2700000	2900000	3100000	2500000
	9725600	10495600	11325600	9825600
Eldhús	5000000	5000000	5000000	5000000
Salur	5000000	5000000	5000000	5000000
Uppvask þrif	1200000	1200000	1200000	1200000
Fólk á tímakaupi	4000000	6800000	6800000	4000000
	15200000	18000000	18000000	15200000
Kostnaður v einangrunar				1000000
Hráefni og vín oftast 30 %	9900000	9800000	11000000	5000000
Salan up to date í dag	33.000.000	32.000.000	36.000.000	10.984.647
Kostnaður samtals:	34.825.600	38.295.600	40.000.000	28.995.600

Hér sést greinilega að áætlaður hámarksstyrkur dugir skammt. Hér eru 4 mánuður og tap komið í 30,1 milljón kr og eftir eru febrúar og mars. Segjum sem svo að hámarksstyrkur fyrir umrætt fyrirtæki verði 12.milljónir, er tap komið í 18,1 milljón kr sem rekstraraðili þarf persónulega að standa undir m.v. skilyrði frumvarps. Um ræðir fyrirmyndarfyrirtæki sem er hluti af aðráttarafla miðbæjar Reykjavíkur og sér a.m.k. 27 mannfyrir vinnu allt árið um kring.

Breytingartillaga #6 er því að hámark styrks er ekki í samræmi við alvarleika málsins og þarf að endurskoða ef ekki á illa að fara fyrir fyrirmyndarfyrirtækjum á veitingamarkaði. Einhverskonar útfærsla Hlutabótaleiðar eða Styrks með starfi hefur reynst einna best fyrir veitingageirann og leggur SVEIT áherslu á að slík leið verði einnig farin hvað varðar almennar aðgerðir í viðbót við umrætt frumvarp.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til nýtt stuðningsúrræði til að koma til móts við vanda aðila í veitingarekstri sem hafa orðið fyrir verulegu tekjufalli sökum takmarkana á opnunartíma sem gripið var til vegna kórónuveirufaraldursins á síðari hluta ársins 2021 og í ársbyrjun 2022. Lagt er til að stuðningurinn felist í beinum styrkjum úr ríkissjóði til þeirra rekstraraðila sem hafa veitingaleyfi í flokki II og III skv. 4. gr. laga um veitingastaði, gistingu og skemmtanahald, nr. 85/2007, og sættu takmörkunum á opnunartíma í þeim almanaksmánuði sem umsókn varðar vegna opinberra sóttvarnaráðstafana skv. 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

Breytingartillaga #7

Varðandi greinargerð frumvarps kafla 3 gerir SVEIT athugasemd við að allir staðir sem með veitingaleyfi í flokki I séu undanskildir. Lagt er til að staðir í flokki I fái tækifæri til að færa rök fyrir þeim stuðning sem þeir telja sig þurfa eða stuðningur sé miðaður út frá veltuþaki.

Breytingartillaga #7 er því að gefa rekstraraðilum með veitingaleyfi í flokki I tækfæri til að rökstyðja stuðning við sinn rekstur t.d. kaffihús litlir skyndibitastaðir og veislubjónustur.

Að lokum:

Í því starfs- og markaðsumhverfi sem sóttvarnaraðgerðir hafa skapað með samkomu- og fjöldatakmörkunum sem beinlínis skerða frelsi greinarinnar til að afla sér tekna er nauðsynlegt að aðstoða fyrirtæki á veitingamarkaði sem eftir standa með viðeigandi úrræðum.

Fyrir hönd SVEIT vill sendandi undirstrika mikilvægi þess að komið verði á móts við fyrirtæki á veitingamarkaði varðandi launakostnað. Stuðningsaðgerðir verða að taka mið af þeim hörðu og órökstuddu takmörkunum sem miðaðar hafa verið á starfsemi veitingageirans frá upphafi faraldursins.

Virðingarfyllst,

Aðalgeir Ásvaldsson, framkvæmdastjóri SVEIT.